

ÁKVÖRDUN nr. 24/54**frá 6. maí 1954****varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki**

HIÐ HÁA YFIRVALD HEFUR,

með hliðsjón af 66. gr. sáttmálans,

eftir að hafa ráðfært sig við ráðið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinú háa yfirvaldi ber samkvæmt 1. mgr. 66. gr. sáttmálans að ákveða með reglugerð í hverju yfirráð í fyrirtæki felast.

Yfirráð geta annaðhvort verið í höndum rétthafa eða umboðsmanna með fullt umboð.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Yfirráð í fyrirtæki felast í eftirtöldum rétti eða samningum þegar þessi atriði, hvert um sig eða saman og með hliðsjón af aðstæðum eða lögum sem málið varða, veita færi á að stjórna starfsemi fyrirtækis hvað varðar framleiðslu, verð, fjárfestingar, aðföng, sölu og ráðstöfun hagnaðar:

1. eignarrétti eða rétti til afnota á eignum fyrirtækis, í heild eða að hluta;
2. rétti eða samningum sem veita vald til að hafa áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana innan fyrirtækis;
3. rétti eða samningum sem gera einstaklingi kleift, einum síns liðs eða með öðrum, að stjórna viðskiptum fyrirtækis;
4. samningum við fyrirtæki um hvernig hagnaður þess er bókfærður eða honum ráðstafað;
5. samningum við fyrirtæki um öll aðföng eða verulegan hluta þeirra eða um sölu á öllum vörum þess eða verulegum hluta þeirra svo fremi samningstíminn sé lengri eða magn það sem samið er um meira en venja er til í viðskiptasamningum af þessu tagi.

2. gr.

Um yfirlit í fyrirtæki í skilningi 1. gr. er ekki að ræða þegar bankar eða fjármálastofnanir eignast, við stofnun fyrirtækis eða þegar hlutafé þess er aukið, hlut í því fyrirtæki í því augnamiði að selja hann á markaði en nýta sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlut fylgir.

3. gr.

1. Þættir þeir sem tilgreindir eru í 1. gr. fela í sér yfirlit einstaklinga, fyrirtækja eða hópa einstaklinga eða fyrirtækjasamstæða í fyrirtæki ef:

1. þeir eru rétthafar samkvæmt viðkomandi samningum;
2. þessir aðilar eru hvorki rétthafar né hafa þau réttindi samkvæmt samningum en hafa umboð til að beita rétti þessum samkvæmt samningunum;
3. þessir aðilar, í krafti forræðis, eru eigendur fjármuna fyrirtækis eða hlutar í fyrirtæki og hafa umboð til að beita þeim rétti sem því fylgir.

2. Helgist umboð til að koma fram fyrir annars hönd af löggerningi gilda ákvæði 2. og 3. liða 1. mgr. ekki geti umboðsaðili sýnt fram á:

1. að hægt sé að afturkalla umboð hans hvenær sem er, og
2. að hann sé bundinn af sérstökum fyrirmælum umbjóðanda síns, og
3. að honum sé heimilt að skýra hinu háa yfirvaldi frá heiti og pósthfangi umbjóðanda síns, óski það þess.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi í öllum aðildarríkjum bandalagsins 1. júní 1954.

Ákvörðun þessi var rædd og samþykkt af hinu háa yfirvaldi á fundi þess 6. maí 1954.

Fyrir hönd hins háa yfirvalds,

Jean MONNET

forseti.